

G. dís '09

**50. fundur haldin í sveitarstjórn Langanesbyggðar  
þriðjudaginn 6. október 2009 kl. 17:00 á félagsheimilinu Þórsveri.**

Mæt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Aðalbjörn Arnarsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir, Jóhanna Helgadóttir, Þórir Jónsson, Gunnólfur Lárusson og Björn G. Björnsson sem ritaði fundagerð á tölvu.

Oddviti bauð fundamenn velkomna, spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundaboðun.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundaboðun.

Oddviti óskaði eftir því að fá að setja á dagskrá þrjú erindi undir lið 2 innsend erindi.

*Álagning B – gatnagerðagjalda.*

*Úrsögn úr sveitarstjórn.*

*Umsókn um námsvist utan lögheimilis.*

Samþykkt samhljóða

**DAGSKRÁ:**

**1. Fundargerðir nefnda og ráða.**

- a. Fundagerð sveitarstjórnar dags. 17.09.2009

*Fundagerðin lög fram til kynningar.*

Til máls tóku:HS

- b. Fundagerð sveitarstjórnar dags. 24.09.2009

*Fundagerðin lög fram til kynningar.*

- c. Fundagerð Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra ásamt fjárhagsáætlun 2010.  
*Fundagerðin lögð fram til kynningar, í fjárhagsáætlun 2010 er gert ráð fyrir kostnaði hvers sveitarfélags. Sá listi sem fundagerðin byggir á úr Langanesbyggð er ekki réttur og sveitarstjóra falið að koma þeim uppl. á framfæri. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við kostnað Langanesbyggðar.*

Samþykkt samhljóða

- d. Starfsmannamál. Samþykkt að vísa þessum lið til lokaðs fundar að afloknum sveitarstjórnarfundi.

- e. Samningur Langanesbyggðar og Hringrásar.

*Sveitarstjóri óskar eftir því að fá að segja upp þeim samning sem er á milli Langanesbyggðar og Hringrásar en uppsagnafrestur er þrjú mánuðir. Ástæða uppsagnarinnar er sú að verið er að klára gámasvæðið og nú þarf að endurskoða öll sorpmál upp á nýtt og er þá betra að vera laus undan samningum.*

Samþykkt samhljóða

Til máls tóku:SRK,ÞJ,SS,AA

**2. Innsend erindi.**

- a. Ósk um umsögn um drög að Aðalskipulagi Norðurþings 2009-2029

Í bréfinu kemur fram ósk Norðurþings um hvort Langanesbyggð geri einhverjar athugasemdir við drög að Aðalskipulagi sem Norðurþing er að vinna fyrir 2009-2029 sveitarstjórn vísar erindinu til USB til umsagnar.

Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: HS,AA,HS

- b. Bréf frá umhverfisstofnun dags 25.09.2009

Í bréfinu er verið að boða á ársfund Umhverfis-og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga sem halda á í Kópavogi 6.nóvember n.k. Erindinu vísað til USB.

Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku.SRK,HS

- c. Bréf frá Reimari Sigurjónssyni og Dagrúnu Þórisdóttur.28.september 2009

Samþykkt að vísa erindinu til Fræs ehf.

Til máls tóku.SS,SHS,AA,SRK,HS,

- d. Álagning B –gatnagerðargjalda.

Samkvæmt gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Langanesbyggð frá 27. maí 1999, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006, ber eigendum fasteigna, sem standa við götur sem ekki hafa áður verið lagðar bundnu slitlagi, að greiða B- gatnagerðargjöld vegna lagningar bundins slitlags á götur og í þessu tilfalli er einungis verið að innheimta 70% af lögbundnum kostnaði og verða 30% innheimt þegar lagningu kantsteina og gangstétta er lokið.

Sveitarstjóra falið að innheimta gatnagerðargjöld í samræmi við gjaldskrár og reglugerðir. Samþykkt samhljóða

Til máls tóku:Allir

- e. Úrsögn úr sveitarstjórn dags 01. 10.09

Í bréfi frá Heidi Rúni Óladóttir kemur fram að hún óski eftir lausn frá sveitarstjórnarstörfum á grundvelli 34.greinar sveitarstjórnarlaga.

Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku:

- f. Umsókn um námsvist utan lögheimilis.

Umsókn frá Birnu Sigurðardóttir þar sem hún óskar eftir því að drengur hennar fái að stunda nám utan lögheimilis vegna skólaársins 2009-2010 þar sem móðirin stundar nám á Akureyri.

Umsókn samþykkt samhljóða með vísun til endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2009 og 2010

Til máls tóku:Allir

Fundagerðin upplesin og samþykkt

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00

Sigurður Thórhinnsson  
Hilma Steinarsdóttir  
Hulda Sigurðardóttir  
Pólin  
Jóhanna Hilgadóttir  
Sigrún J. 98

Jóna Þórunn Jónsdóttir